



Fundargerð skólanefndar Fjölbrautaskólans í Garðabæ

5. fundur á vorönn 2018

Fimmtudaginn 8. mars kl. 12:00

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Guðrún Herbertsdóttir varamaður, Sigrún María Jörundsdóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara, Hrafnhildur Ragnarsdóttir kennslustjóri sérnámsbrautar, Sigrún Edda Eðvaldsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á sérnámabraut FG

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sérnámsbrautar, kynnti brautina. Hún var stofnuð árið 1998 og þá voru fjórir nemendur innritaðir á brautina. Í haust gerir hún ráð fyrir að teknir verði inn 15 nemendur en aðeins nemendur með fötlunargreiningu sækja um. Sl. vor var námskrá brautarinnar samþykkt. Nemendur eru að öllu jöfnu í fjögur ár og útskrifast með lokapróf af sérnámsbraut. Einstaka nemendur kjósa að ljúka námi á þremur árum og enn aðrir klára stúdentspróf. Þeir sem ljúka sérnámsbraut fara flestir út á vinnumarkaðinn og einnig í Háskóla Íslands, menntavísindasvið á braut fyrir fatlaða nemendur. Hrafnhildur hafði á orði að hópur nemenda sem þjáist af kvíða og félagsfælni fer ört stækkandi og það kæmi henni ekki á óvart ef umsóknir frá þeim yrðu fyrirferðameiri í náinni framtíð. *Hrafnhildur yfirgefur fundinn.*

2. Fjármál skólans

Kristinn fór yfir stöðu skólans og hún er alls ekki slæm. Hann bíður enn eftir uppgjöri síðasta árs og þá fyrst verður staða skólans ljós.

3. Innritun fyrir haustönn 2018

Forinnritun er nýfarin í gang og enn ekkert hægt að segja til um hvernig hún gengur. Í vor er ráðgert að útskrifa ríflega 100 nemendur og væntanlega verða þeir í kringum 70 haustið 2018 sem stefna á að útskrifast. Gera má ráð fyrir að nýnemar haust 2018 verði 190.

4. Breytingar á annarkerfi

Töluvert hefur verið rætt innan skólans um þriggja anna kerfi og sitt sýnist hverjum. Á morgun (föstudaginn 9.03) verður starfsmannafundur og eina málið á dagskrá er þriggja anna kerfi. Gert er ráð fyrir að mestur tíminn fari í spurningar, umræður og athugasemdir.

5. Önnur mál

- Sigrún Edda sagði frá vel heppnuðum fundi sem foreldraráðið stóð fyrir. Boðaði foreldraráð FG önnur foreldraráð framhaldsskóla á fund og var mætt frá sjö framhaldsskólum. Greinilegt að mikil þörf er fyrir svona samtal. Þar kom m.a. fram að skólar eru farnir að taka höndum saman um að vera með fræðslukvöld fyrir foreldra. Það hefur mælst vel fyrir.
- Sigrún María sagði frá því að leiklistarnemendur hefðu tekið þátt í að leika í tveimur þáttum sem sýndir verða um páskana og heita *Mannasiðir*. Fjáröflunarmöguleikar fyrir nemendur að gefa kost á sér hjá framleiðslufyrirtækjum og gríðarleg góð reynsla fólgin í því.
- Áslaug sagði að mikil tækifæri væru fólgin í því að flétta nám við vinnustaði. Það væri mikill styrkur í því ef hægt væri að koma því á fót.
- Einnig spurði hún um hvernig haldið væri utan um afbrigðisnemendur í skólanum. Kristinn svaraði því til að áfangakerfið sem slíkt gerði það. Öflugir námsmenn geta tekið fleiri áfanga og lokið námi á styttri tíma. Ef þeir sýna fram á getu til þess þá er ekkert sem stöðvar þá.
- Frosti lagði til að skoðað væri hvort nemendur sem útskrifast frá FG séu nægilega vel undirbúnir fyrir háskólanám. Koma þarf á samtali milli framhaldsskóla og háskóla til gera sér betur grein fyrir þeim undirbúningi sem deildir háskólanna byggja á.

Næsti fundur verður boðaður fimmtudaginn 31. maí kl. 12

Kristín Helga Ólafsdóttir